

A 1788/välfärd**Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin**Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um
þingmannatillögu um að heimila jaðarkynverundarhópum að gefa blóð****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu um að heimila jaðarkynverundarhópum að gefa blóð (A 1788/välfärd).

Bakgrunnur*Þingmannatillaga Norrænna vinstri grænna*

Flestar stærri borgir Norðurlanda standa árlega fyrir hátíðahöldum og göngum á borð við Hinsegin daga og Gleðigönguna til að fagna fjölbreytileika og jöfnum réttindum. Þó er það enn svo að vissum þjóðfélagshópum er mismunað á ýmsum sviðum. Þrátt fyrir stöðugan skort á blóði í blóðbönkum norrænu landanna fá karlmenn sem hafa kynmök við aðra karlmenn ekki að gefa blóð á sömu forsendum og aðrir. Þessi stimplun á tilteknum hópi fólks fær að viðgangast þó að allt blóð sé skimað fyrir sjúkdómum á borð við alnæmi, sárásótt, lifrabólgu B og lifrabólgu C. Eftirlit með blóði úr blóðgjöfum er strangt til að tryggja að öryggi sjúklinga sé ekki stefnt í hættu.

Fjölmargir einstaklingar vilja gefa blóð og leggja þannig sitt af mörkum til að bæta birgðastöðuna í sínu landi. Við í Norrænum vinstri grænum teljum að við þurfum á öllum viljugum blóðgjöfum að halda.

Allt gefið blóð er rannsakað og skimað og því ekki sanngjarnt að karlar sem hafa haft kynmök við aðra karla fái aðra meðferð en aðrir sem vilja gefa blóð. Sænska félagið RFSL telur að þegar um ræðir karla sem hafa haft kynmök við aðra karla ætti að nægja að þeir hafi ekki haft slík kynmök í fjóra mánuði fyrir blóðgjöf. Sama ætti að ganga yfir konur sem hafa kynmök við karla sem hafa haft kynmök við aðra karla. Þetta er möguleiki sem Norðurlöndin gætu skoðað nánar. Burtséð frá því hve langur biðtíminn er ætti ekki að gera upp á milli fólks hvað þetta varðar, heldur láta það sama ganga yfir alla blóðgjafa.



Umræða um þingmannatillöguna á þingfundi

Þegar þingmannatillagan var kynnt á þingfundi voru færð rök fyrir því að norrænu löndin innleiddu reglur sem tryggðu öryggi sjúklinga án þess að mismuna blóðgjöfum.

Eftir að tillagan var kynnt fóru fram umræður þar sem meðal annars var sett spurningarmerki við erindi tillögunnar á norrænum vettvangi, þar sem málið verður afgreitt í löndunum út frá öryggi sjúklinga á hverjum stað.

Yfirstandandi norrænt samstarf & fyrri aðgerðir á sviðinu

Embættismannanefnd norrænu ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál ræddi tillögu sænsku formennskunnar um að koma á fót starfshópi um blóð, frumur og vefi á fundi sínum þann 15. nóvember 2018. Formennska Íslands á árinu 2019 hefur fengið það verkefni að leggja fram drög að umboði fyrir slíkan starfshóp.

Á vettvangi Norðurlandaráðs var nýlega vakin athygli á réttindum samkynhneigðra, gagnkynhneigðra, trans, intersex og kynsegin einstaklinga í tilmælum 10/2018¹. Svar norrænu ríkisstjórnanna verður til umfjöllunar á janúarfundi nefndarinnar 2019.

Reglur norrænu landanna um blóðgjafir²

Lönd Evrópusambandsins hafa orðið ásátt um hvaða reglur skuli gilda um blóðgjafa innan alls sambandsins. Aðildarríkin eru skyldug til að innleiða þessar reglur og hafa möguleika á að gera enn strengri kröfur en reglurnar segja til um, svo lengi sem grundvallarkröfurnar sem reglur ESB kveða á um eru uppfylltar. Í Svíþjóð er þessum reglum til dæmis framfylgt gegnum löggjöf um blóðöryggi. Sænska félagsmálastofnunin (Socialstyrelsen) ber ábyrgð á reglum sem gilda um blóð og blóðhluta sem ætlaðir eru til blóðgjafar og sænska lyfjastofnunin (Läkemedelsverket) setur reglur um blóðplasma sem notað er til framleiðslu á lyfjum.

Kynferðismök karlmanna áhættuhegðun

Áhættuhegðun er hér skilgreind út frá hættu á því að verða fyrir smiti með blóði. Áhættan er reiknuð út frá þeirri þekkingu sem fyrir liggur um þann fjölda fólks sem smitast árlega og lifir í dag með sjúkdómum sem geta smitast með blóði og blóðhlutum, svo sem HIV, lifrabólgu B, lifrabólgu C og sýfilis.

Í Svíþjóð er áhættan á smiti að minnsta kosti 50 sinnum hærra fyrir karlmenn sem eiga kynferðismök við aðra karlmenn heldur en fyrir þá sem eiga aðeins kynferðismök við konur, að því gefnu að aðrir áhættuþættir séu ekki til staðar.

Reglur og biðtími fyrir samkynhneigða karlmenn

Vegna hættu á HIV-smiti hefur karlmönnum sem stunda kynlíf með karlmönnum verið meinað með öllu að gefa blóð í flestum vestrænum ríkjum síðan á 9. áratug 20. aldar. Í seinni tíð hafa mörg lönd slakað á þessum reglum og innleitt í staðinn biðtíma frá síðustu kynmökum. Þetta gildir til dæmis um England, Finnland, Tékkland,

¹ <https://www.norden.org/is/node/17889>

² Heimildir: Danmörk: www.bloddonor.dk Finnland: www.blodtjanst.fi Ísland: www.blodbankinn.is/ www.landspitali.is Noregur: Helsedirektoratet/www.rodekors.no Svíþjóð: Socialstyrelsen www.socialstyrelsen.se



Bandaríkin, Ástralíu, Nýja-Sjáland og Suður-Afríku. Mörg Evrópusambandslönd áforma nú að innleiða slíkan biðtíma frá síðustu kynmökum.

Á Norðurlöndum leyfa hvorki Danmörk né Ísland karlmönnum sem hafa stundað kynmök við karlmenn að gefa blóð, en í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð eru mörkin dregin við karlmenn sem hafa stundað kynmök við karlmenn undanfarna 12 mánuði. Í Noregi þurfa konur sem hafa haft kynmök við karlmenn sem hafa haft kynmök við karlmenn að bíða í minnst sex mánuði, en í 12 mánuði á Íslandi og í Svíþjóð.

Samkynhneigðar konur

Sænska félagsmálastofnunin vísar til rannsókna sem sýna að tíðni smita með blóði er lægri meðal kvenna sem stunda kynlíf með konum en meðal annarra þjóðfélagshópa. Kynferðismök milli kvenna eru því ekki talin áhættuþegðun.

Væntanleg áhrif tillögunnar / Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun

Hvað heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030 varðar tengist tillagan markmiði 16 um að stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum, meðal annars hlutamarkmiði 16 B með áherslu á að efla og framfylgja lögum og stefnumálum á sviði sjálfbærrar þróunar sem mismuna engum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin styður mannréttindi öllum til handa og aðgerðir gegn mismunun á norrænum vettvangi. Með yfirstandandi tilmælum 10/2018 um réttindi jaðarkynverundarhópa og þörfina á að samræma löggjöf til að tryggja þau, sýnir nefndin áhuga sinn á því að vinna gegn mismunun og stuðla að mannréttindum á alþjóðavettvangi.

Nefndin deilir þeirri ósk flutningsmanna tillögunnar að neikvæðri stimplun jaðarkynverundarhópa verði hætt og telur sömuleiðis þörf á að vinna gegn mismunun alls staðar á Norðurlöndum. Það ætti hins vegar að vera hlutverk heilbrigðisþjónustunnar í hverju og einu norrænu landanna að setja reglur um blóðgjafir.

Reykjavík, 22. janúar 2019

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Hans Wallmark (M)

Jenis av Rana (Mfl.)

Krista Mikkonen (gröna)

Linda Ylivainio (C)

Malthe Larsen (S)

Maria Stockhaus (M)

Mika Raatikainen (saf)

Nina Sandberg (A)

Paula Bieler (SD)

Per-Arne Håkansson (S)

Ulf Leirstein (FrP)



Ný tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að endurskoða löggjöf og reglugerðir sem leiða til mismununar á grundvelli kynverundar;

að meta hvort reglugerðir sem meina jaðarkynverundarhópum að gefa blóð á sömu forsendum og öðrum þjóðfélagshópum séu í samræmi við jafnréttislöggjöf í löndunum.

Helsinki, 1. mars 2019

Julius Graakjær Grantzau (ALT)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)